

AUGLÝSING

um deiliskipulag grunnskólareits á Þormóðseyri, Siglufirði, Fjallabyggð.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti þann 15. maí 2013 deiliskipulag grunnskólareits á Þormóðseyri, Siglufirði. Eftir auglýstan athugasemdatíma var gerð breyting á deiliskipulaginu. Deiliskipulagssvæðið er um 0,75 ha að stærð og afmarkast af Norðurgötu, Eyrargötu, Vetrarbraut og Aðalgötu. Markmiðið með deiliskipulaginu er að skilgreina lóðir innan götureitsins og byggingarreit fyrir fyrirhugaða viðbyggingu skólahúsnæðis, ásamt því að leysa bílastæðavandamál vegna skólans.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Fjallabyggð, 10. júní 2013.

Sigurður Valur Ásbjarnarson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 13. júní 2013